

þeim til hæstaréttar. Telur hann, að h. f. Laxinn hafi vel vitað um þessa hluti, og hafi hann því ekki verið í góðri trú um leigurétt sinn að húsnæðinu. Þá telur gerðarbeiðandi, að útburðarbeiðni gerðarþola frá 28. nóv. 1940 geti ekki orðið lögð að jöfnu við uppsögn, enda hafi hann samkvæmt 3. gr. leigusamningsins haft forgangsrett að húsnæðinu, ef leigusali þyrfti ekki sjálfur að nota það, en engu slíku sé hér til að dreifa. Þá staðhæfir gerðarbeiðandi, að hann hafi möguleika til að reka frystihús.

Samkvæmt dómi hæstaréttar, uppkveðnum 30. f. m., sem fellir úr gildi úrskurði fúgetaréttarins frá 24. des. 1940 og 3. jan. 1941, er aðeins kveðið á um gildi úrskurðanna, en engu slegið föstu um það, hvort gerðarbeiðandi eigi rétt á að fá aftur umráð húsnæðisins.

Í réttargerð, er fram fór á heimili gerðarbeiðanda 9. janúar f. á., afhenti hann gerðarþola umráð húsnæðisins. Þessi gerningur virðist ekki hafa verið borinn undir hæstarétt, og verður því ekki talið, að honum hafi verið hrundið með hæstaréttardóminum.

Með hliðsjón af þessu og með tilliti til þess, að nýr leigjandi er kominn í húsnæðið, þá þykir ekki fært með einfaldri innsetningargerð að setja gerðarbeiðanda inn í umráðarétt þess.

Eftir atvikum þykir rétt að láta málskostnað falla niður.

#### Þvi úrskurðast:

Hin umbeðna innsetningargerð skal ekki fara fram.  
Málskostnaður falli niður.

Mánudaginn 8. júní 1942.

Nr. 51/1942. **Ingvar Guðjónsson vegna v/b Gunnvarar S. I. 81** (Stefán Jóh. Stefánsson)

gegn

**Stríðstryggingarfélagi íslenzkra skipshafna**  
(Theodór B. Línal).

Lögtaksmál. Innheimta stríðstryggingargjalds skips.

#### Dómur hæstaréttar.

Hinn áfrýjaða úrskurð hefur upp kveðið Guðmundur Hannesson, bæjarfógeti á Siglufirði.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til hæstaréttar með stefnu 18. maí þ. á. Krefst hann þess, að hinn áfrýjaði úr-

skurður verði úr gildi felldur, og að synjað verði um framgang lögtaksins. Svo krefst hann og málskostnaðar fyrir hæstarétti úr hendi stefnda eftir mati dómsins. Stefndi hefur krafizt staðfestingar hins áfrýjaða úrskurðar og málskostnaðar af áfrýjanda fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Eftir 2. gr. laga nr. 66 frá 1940 skyldu útgerðarmenn skipa greiða að öllu leyti stríðstryggingargjald til stefnda fyrir skipshafnir þær, sem tryggja bar samkvæmt þeim lögum. Í 2. gr. laga nr. 76 frá 1941 er þessari aðalreglu haldið, en þó gerð sú undantekning, að rikissjóði er gert að greiða nokkurn hluta iðgjalda fyrir „fiskiskip, sem eingöngu stunda fiskveiðar við strendur landsins og sigla ekki milli landa.“ Með því að útgerð skipsins Gunnvarar var ekki á því tímabili, sem hér skiptir máli, með þeim hætti, sem segir í undantekningarákvæði þessu, þá getur áfrýjandi ekki notið góðs af því, og ber þess vegna að staðfesta hinn áfrýjaða úrskurð að niðurstöðu til.

Eftir þessum úrslitum þykir rétt, að áfrýjandi greiði stefnda málskostnað fyrir hæstarétti, kr. 500.00.

Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði úrskurður á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Ingvar Guðjónsson vegna v/s Gunnvarar, S. I. 81, greiði stefnda, Stríðstryggingarfélagi íslenzkra skipshafna, kr. 500.00 í málskostnað fyrir hæstarétti.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Úrskurður fógetaréttar Siglufjarðar 1. maí 1942.

Lögtaksþoli, Ingvar Guðjónsson, útgerðarmaður, Kaupangi, Eyjafirði, er hefur hér atvinnustöð og skrifstofu, hefur verið krafinn um viðauka-sríðstryggingargjald 1941 vegna skips hans Gunnvarar S. I. 81 að upphæð kr. 2985.72.

Skipið Gunnvör er í utanlandssiglingum frá því haustið 1940 til 25. marz 1941, en á tímabilinu frá 26. marz 1941 til 6. sept. s. á. er skipið við fiskveiðar og flutninga innan lands. Eftir % 1941 fer skipið eina ferð til Englands og er í þeirri ferð tæpan mánuð, en liggur svo í höfn til 20. nóv. Lögtaksþoli hefur verið marg-

krafinn um viðaukastríðstryggingargjaldið, en árangurslaust, og hefur verið beðið með lögtakið eftir ósk lögtaksþola til þess að vita, hvort stríðstryggingin gæfi ekki eftir af kröfunni yfir þann tíma, sem skipið hefur verið í innanlands siglingum, en hún hefur neitað því. Var svo lögtak tilkynnt lögtaksþola 2. nóv. 1941 og lögtakið framkvæmt 20. nóv. s. á., en 15. apríl 1942 numið úr gildi af hæstarétti. Lögtaksþoli hefur bæði áður en fyrra lögtakið fór fram og 20. nóv. 1941, er það fór fram, fengið sundurliðaðan reikning yfir lögtakskröfu þess yfir þá tryggingardaga, sem hann skuldi viðaukagjaldið fyrir hvern skipsverja, en hann vill ekki greiða nema 4 kr. í stríðstryggingu fyrir hverja viku, er skipið var ekki í utanlandssiglingum og telur, að það sé eðlilegt, að skip, sem sé í utanlandssiglingum nokkurn hluta ársins, en í innanlandssiglingum hinn hluta ársins, greiði í stríðstryggingu, meðan þau séu í innanlandssiglingum, aðeins 4 kr. á viku á skipverja, eins og skip, sem allt árið eru í innanlandssiglingum. Sama sé áhættan hjá skipum þessum, — sem eru í utanlandssiglingum nokkurn hluta ársins — meðan þau eru í innanlandssiglingum og hjá þeim skipum, sem allt árið séu í innanlandssiglingum.

Með lögum 76/1941, 2 gr. 3. lið, er tekið fram, að „fiskiskip, sem eingöngu stundi fiskveiðar við strendur landsins og sigla ekki milli landa, greiða iðgjald frá 1. jan. 1941 að telja 4 kr. fyrir hvern tryggðan skipverja á viku, en ríkissjóður greiðir afgang iðgjaldsins.“

Samtals var þetta gjald, vikuiðgjaldið á hvern tryggðan skipverja, kr 21.46 til 1. ág., og borgaði þá ríkissjóður kr. 17.46 fyrir þá skipverja, sem voru á fiskiskipum, sem eingöngu stunduðu fiskveiðar við strendur landsins og sigldu ekki til útlanda, en eftir 1. ág. var gjaldið kr. 10.73 á viku, og greiðir ríkissjóður af því kr. 6.73.

Hér er því eigi um það að ræða, að iðgjaldið á isl. skipum sé 4 kr. á viku fyrir hvern skipverja á fyrrgreindum fiskiskipum, heldur kr. 21.46 til 1. ág. og kr. 10.73 eftir 1. ág., þótt útgerð fiskiskipanna, sem „eingöngu stunda fiskveiðar við strendur landsins og ekki sigla milli landa“, greiði aðeins 4 kr.

Nú er það að visu svo, að þann tíma, sem fiskiskip, sem sigla til útlanda, eru við fiskveiðar við strendur Íslands, er sama áhætta (en ekki meiri), að það farist af ófriðarvöldum, meðan það er að fiskveiðum við strendur landsins, eins og isl. fiskiskip, sem eingöngu stunda fiskveiðar við strendur landsins og sigla ekki milli landa, og gæti því komið til mála, að ríkissjóður greiddi stríðstryggingarsjóði svipaðan hluta af stríðstryggingariðgjaldi fyrir þau fiskiskip, er sigla út með aflu, meðan þau væru á fiskveiðum við strendur landsins, en slíkt er algerlega á valdi ríkissjóðs eða þeirra, sem ráða ríkissjóði, og hvort þeir vilji ekki gera það af þeirri

ástæðu, að slík skip séu færari um að greiða allt iðgjaldið en þau fiskiskip, er aldrei sigla með aflann til útlanda, eða ráðamenn rikissjóðs vilji ekki taka þátt í iðgjaldagreiðslunni af annarri ástæðu, er fyrir utan valdsvið fógetaréttarins að meta, þar sem löggin gera rikissjóði ekki skylt að taka þátt í iðgjaldagreiðslu fyrir fiskiskip, meðan þau stunda fiskveiðar við strendur landsins, ef þau fara til útlanda á árinu.

Fyrir því úrskurðast:

Hið umbeðna lögtag skal fram fara.

Miðvikudaginn 10. júní 1942.

Nr. 1/1939. **Páll Magnússon f. h. þrotabús Stefáns Runólfssonar** (Eggert Claessen)  
 gegn  
**Rafveitu Austur-Húnavatnssýslu**  
 (Einar B. Guðmundsson).

Heimvísunarkrafa.

### Úrskurður hæstaréttar.

Hinn áfrýjaða dóm hefur upp kveðið Björn Þórðarson lögmaður.

Áfrýjandi, sem hefur, að fengnu áfrýjunarleyfi 8. des. 1938, skotið máli þessu til hæstaréttar með stefnu 4. janúar 1939, gerir að svo stöddu þær dómkröfur, aðallega að hinn áfrýjaði dómur verði ómerktur og málinu vísað heim í hérað til dómsálagningar af nýju, en til vara, að frávísunarákvaði héraðsdóms um kröfur út af svo nefndri óheimilli efnistöku, er getur í II. í dóminum, verði ómerkt, og málinu að því leyti vísað heim í hérað til dómsálagningar af nýju. Loks krefst áfrýjandi málskostnaðar úr hendi stefnda bæði fyrir héraðsdómi og hæstarétti eftir mati dómsins. Stefndi mótmælir greindum frávísunarkröfum.

Fyrir aðalkröfunni hefur áfrýjandi borið fram þá ástæðu eina, að héraðsdómari hefur vísað frá dómi kröfu þeirri, er getur í II. í dóminum. Krafa þessi er ekki í svo nánun sam-